

**Fundargerð aðalfundar Rauða kross Íslands
haldinn laugardaginn 16. maí 2009 í Vík í Mýrdal**

Fundurinn hófst kl. 09:05

Setningarávörp

Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands

Anna bauð gesti velkomna og þakkaði heimamönnum gott samstarf við undirbúning fundarins. Bauð síðan nýja formenn velkomna, kynnti þá og óskaði þeim velfarnaðar í starfi. Sagði árið 2009 helgað því að gera veröldina betri undir yfirskriftinni “Veröldin okkar. Þú átt leik”. Anna minnti á að Íslendingar mættu ekki gleyma þeirri ábyrgð sem þeir bera í samfélagi þjóðanna. Hún benti á mikilvægi neyðarvarna og hlutverk Rauða krossins í neyðarviðbúnaði og neyðarviðbrögðum þegar og ef kallið kemur.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Sveitarstjóri bauð fundargesti og stjórn Rauða krossins velkomna til Víkur. Sagði frá sveitarfélaginu og minntist á gott samstarf þess og Víkurdeildar og hlutverk deildarinnar í neyðarvörnum.

Sveinn Þorsteinsson, formaður Víkurdeildar

Sveinn sagði frá starfi Víkurdeildar og nokkrum mikilvægum verkefnum deildarinnar. Þakkaði hann sveitarstjórn gott samstarf og aðkomu hennar að undirbúningi fundarins og gat þess að Mýrdalshreppur byði fundargestum til hádegisverðar.

Viðurkenningar til sjálfboðaliða og verkefna .

Birna Zophaníasdóttir Grindavíkurdeild

Lilja Jónsdóttir, Vestur-Barðastrandarsýsludeild

Aðalheiður Vagnsdóttir, Akureyrardeild

Sigrún Guðbergisdóttir, Reykjavíkurdeild

Einar Erlendsson, Rangárvallasýsludeild

Sigurður Ævar Harðarson, Víkurdeild

Sigurður Ólafsson, Akureyrardeild

Viðurkenningar til deilda:

Viðbrögð í kjölfar áfalla – Árnesingadeild og Hveragerðisdeild

Hollráð til hamingju – Akranesdeild

Tónlistaratriði:

Þrír unglingar frá Vík, þau Magdalena Katrín Sveinsdóttir, Arnar Snær Ágústsson og Elvar Þorri Jóhannsson, fluttu þrjú lög.

Víkurdeild færði síðan Rauða krossi Íslands að gjöf lagið “Söngur sjálfboðaliðans”. Höfundur lags er Kristinn Jóhann Nielsson og höfundur texta Harpa Jóhannesdóttir. Kristinn Jóhann Nielsson, Egill Huebner og Ragna Björk Ársælsdóttir fluttu lagið við fögnuð áheyrenda.

Aðalfundarstörf skv. 6. gr. laga Rauða kross Íslands:

1. Stjórnin athugar kjörbréf fulltrúa deilda og leggur fram til úrskurðar fundarins.

Mættir á fund eru 119 aðalfulltrúar og 24 varafulltrúar, frá 43 deildum. Samþykkt var að ekki þyrfti að lesa upp nöfn allra fundarmanna og voru kjörbréf síðan borin upp og samþykkt.

2. Fundarstjóri kosinn:

Helga Þorbergisdóttir, hjúkrunarfræðingur Heilsugæslustöðvarinnar Vík og fyrrum oddviti Mýrdalshrepps.

3. Fundarritari kosinn:

Jóhanna Róbertsdóttir, svæðisfulltrúi á Suðurlandi og Suðurnesjum
Kristján Bjarnason, svæðisfulltrúi á Vesturlandi

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og úrskurðaði að fundurinn væri lögmætur.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar.

Eftirfarandi tóku til máls um fundargerðina;

- Hildur Tryggvadóttir Kópavogsdeild spurði um tryggingamál sjálfbóðaliðasamnings
- Ólafur Reimar Gunnarsson, benti á að nafn hans var rangt ritað í fundargerð.

Kristján Sturluson svaraði fyrirspurn vegna tryggingamála og benti á að stuttur kafli um tryggingamál væri í bæklingi fyrir sjálfbóðaliða. *Fundargerð síðan samþykkt.*

5. Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu.

Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins

Anna sagði frá fundum stjórnar og hlutverki. Meðal annars hafa eftirfarandi mál verið á dagskrá stjórnar frá síðasta aðalfundi:

- viðbrögð Rauða krossins vegna Suðurlandsskjálfta
- siðareglur fyrir félagið
- viðbrögð vegna efnahagsþrenginga á Íslandi
- viðbrögð á alþjóðavettvangi

Anna fjallaði síðan í stuttu máli um nokkra þætti í starfi félagsins en benti á að ítarlega skýrslu um verkefni félagsins mætti finna á vefsíðu félagsins, www.redcross.is.

Sjálfbóðaliðar og starfsmenn brugðust við þegar jarðskjálftar urðu á Suðurlandi í maí, opnaðar voru fjöldahjálparstöðvar og sálrænn stuðningur veittur. Síðastliðið haust stóð Rauði krossinn svo fyrir fræðslu til barna og forsjáraðila þeirra um jarðskjálfta og afleiðingar þeirra.

Rauði krossinn greip til margvíslegra aðgerða til aðstoðar fólki í kjölfar bankahruns. Innhringingum í Hjálparsímann 1717 fjölgaði, Rauðakrosshúsið var opnað og deildir opnuðu hús sín í heimabyggð þar sem boðið var uppá félagsstarf og fræðslu í sálrænum stuðningi. Rauði krossins er í samstarfi við Vinnumálastofnun með það að markmiði að vekja athygli á sjálfböðnu starfi til að halda fólki virku.

Fjölmarginir sjálfbóðaliðar komu að móttöku, aðstoð og félagslegri aðlögun flóttamanna. Verkefni heimsóknavina til að draga úr félagslegri einangrun er starfrækt hjá 40 af 50 deildum félagsins. Ungmennahreyfing félagsins tók þátt í mörgum verkefnum á árinu.

Á alþjóðavettvangi kom Rauði kross Íslands að mörgum verkefnum og neyðaraðstoð. Má þar meðal annars nefna leitarþjónustu í Kongó, sálrænan stuðning við börn í Palestínu og alnæmis verkefni í Malaví. Aðstoð vegna átaka og náttúruhamfara var að venju stór hluti neyðarviðbragða Rauða krossins á árinu.

Eftirfarandi tók til máls um skýrsluna:

- Jóhannes Baldur Guðmundsson, Kjósasýsludeild. Þakkaði hann Rauða krossinum, sem væri rauða ljósið í myrkrinu. Sagði samstarf við Vinnumálastofnun vera gott og Kjósasýsludeildin hefði nýtt sér að ráða starfsmann í samvinnu við VMS og það styrkti deildina.

Kaffihlé

6. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Pálín Dögg Helgadóttir, gjaldkeri stjórnar Rauða kross Íslands, lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá.

Tekjur Rauða krossins á árinu 2008 voru 1.469.492 m.kr. Alls var ráðstafað 1.420 m.kr. til verkefna, sem skiptist þannig; Innlend verkefni 33%, alþjóðaverkefni 28%, sjúkraflutningar 19%, útbreiðsluverkefni og fjáröflun 11%, önnur verkefni 9%. Tekjur umfram útgjöld voru 49 m.kr. Nánari upplýsingar um tekjur og gjöld, ásamt skiptingu milli verkefna, má finna í ársskýrslunni

Eftirfarandi tóku til máls um reikningana:

- Unnur Hjálmaradóttir, Reykjavíkurdéild, spurði hvernig landsfélagið og deildir komi út úr kreppunni.
- Einar Óli Fossdal, Austur-Húnavatnssýsludeild, óskaði eftir skýringum á háu hlutfalli kostnaðar við Göngum til góðs, þar sem styrktaraðilar hafi fengist til auglýsinga. Gjaldkeri félagsins svaraði fyrirspurnum. Sagði allt utanumhald fjármuna félagsins gott og áhrif kreppunnar varla vera sjáanleg. Varðandi Göngum til góðs, þá safnaðist ekki jafn mikið og vonast var til vegna verkefnisins í Kongó og því hafi verið bætt við út sjóðum félagsins. Fleiri tóku ekki til máls og voru reikningar bornir upp til atkvæða og *samþykktir samhljóða*.

Samþykkt að liðir 7 og 8 samkvæmt dagskrá verði teknir saman sem einn liður 7-8. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 lögð fram til umræðu.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri, gerði grein fyrir áætlun.

Kristján fór í stuttu máli yfir það helsta í áætlununum og sagði að fjárhagsáætlunin tæki eingöngu til landsskrifstofu og sjúkrabílasjóðs en framkvæmdaáætlunin til félagsins alls og hvatti fundarmenn að skoða framkvæmdaáætlunina sem væri í fundargögnum.

Kristján sagði frá kynningarviku í haust. Yfirskrift hennar er “Viðbrögð við áföllum”. Markmið með kynningarviku eru tvö, annars vegar að kynna innanlandsstarfið og hins vegar að safna sjálfbóðaliðum.

Kristján kynnti síðan markmið í stefnu Rauða krossins og dæmi um hvernig þeim væri framfylgt.

1. Kynna og breiða út grundvallarmarkmið hreyfingarinnar og mannúðarhugsjón hennar

Unnið verður að því að Rauði krossinn skapi sér orðspor sem aðili sem bregst skjótt og vel við fyrirsjáanlegri neyð í kjölfar efnahagsþrenginga og um leið halda á lofti skyldum Rauða krossins á alþjóðavettvangi. Í haust verður haldin kynningarvika um innanlandsstarf Rauða krossins þar sem kynnt verða viðbrögð félagsins við áföllum.

2. Efla neyðarvarnir og neyðaraðstoð vegna áfalla og hamfara

Mörg verkefna vegna efnahagsþrenginganna falla undir þennan verkþátt og eru unnin eftir verkferlum neyðarvarnarskipulagsins. Lögð verður áhersla á að styrkja neyðarvarnir miðað við þann ramma sem þegar er unnið eftir. Neyðar- og þróunaraðstoð erlendis verður með svipuðum hætti og áður en þar hefur hins vegar áhrif að gera má ráð fyrir að framlög ríkisins til verkefna dragist verulega saman. Einnig hefur óhagstæð gengisþróun og óvissa með framhald hennar veruleg áhrif.

3. Draga úr félagslegri einangrun og styrkja þróunarsamvinnu

Í framkvæmdaáætlun er kveðið á um að starf gegn félagslegri einangrun aukist til muna og ber þar hæst verkefni heimsóknarvina af ýmsu tagi og mentora. Aðstoð við landsfélög í Afríku, einkum álfunni sunnanverðri, og Palestínu heldur áfram og stutt verður við ungmennastarf í Sierra Leone og Palestínu.

4. Rauði kross Íslands sé ávallt vel starfandi landsfélag

Sjálfbóðaliðum fjölgar hjá félaginu og markmiðið er að sjálfbóðaliðahópurinn endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Efnahagsástandið eykur enn á þörfina fyrir sjálfbóðaði starf, bæði vegna aukins atvinnuleysis og aukinnar þarfar fyrir þjónustuna. Stuðningur verður við deildir vegna utanumhalds sjálfbóðaliða og við að þróa og/eða setja á stofn verkefni sem koma til móts við þarfir þeirra sem verst verða úti í kreppunni.

Kristján fór í stuttu máli yfir fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2009 og skýrði hana. Lykiltölur úr fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 sýna að þar er gert ráð fyrir að tekjur félagsins verði 8.6% lægri en árið áður og útgjöld verði 5.7% lægri en árið 2008

Unnið verður að því að viðhalda og styrkja þær fjáröflunarleiðir sem fyrir eru, fjölga styrktarfélögum og efla tengsl við þá. Í áætluninni er gert ráð fyrir að kassatekjur nemi sömu upphæð í krónum talið og 2007. Því miður eru horfur ekki góðar og þess vegna gert ráð fyrir heldur lægri tekjum.

Að lokum minnti Kristján á að gott orðspor byggir á trúverðugleika og því að reynast traustsins verður. Þá má ekki gleyma þeim mikilvægu gildum sem gera Rauða krossinum alls staðar mögulegt að koma að málum – sjálfstæði og hlutleysi.

Eftirfarandi tóku til máls um fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2009:

- Hildur Tryggvadóttir, Kópavogsdeild, er ánægð með áherslu á ungt fólk, umræðu um alþjóðastarf, mannúðarlög og Genfarsamningana. Sagði taka þyrfti vel á móti nýju fólk, halda grunn- og deildanámskeið ásamt hópefli og spurði hvaða starf á útbreiðsluviði legðist niður.
- Málfríður Björnsdóttir, Héraðs- og Borgarfjarðardeild, er ánægð með þá áherslu sem lögð er á kynningu á innanlandsstarfinu.
- Pálína Björk Matthíasdóttir, URKÍ, sagði áriðandi að koma félaginu á framfæri. Spurði hvernig sjálfboðaliðar geti komið að því að móta stefnu til 2020 og hvort fara ætti svipaða leið og á Norðurlöndum.
- Jón G. Knutsen, Akureyrardeild, sagði ekki mega skera ekki mikið niður í skyndihjálp.
- Einar Óli Fossdal, Austur-Húnavatnssýsludeild, sagði frá góðu starfi við GTG sl. haust.
- Gunnlaugur Bragi Björnsson, URKÍ-R, bauð deildum aðstoð við að koma á ungmennastarfi.
- Unnur Hjálmarasdóttir, Reykjavíkurdeild, ræddi um fatasöfnunina og óskaði eftir að verkefnið fengi meiri kynningu.
- Jón Þorsteinn Sigurðsson, Skagafjarðardeild, ræddi fatasöfnun og mikilvægi ungs fólks í starfi. Framkvæmdastjóri svaraði framkomnum fyrirspurningum. Nýtt starf lögfræðings var lagt niður. Sagði samstarf við URKÍ ánægjulegt. Taka þyrfti vel á móti sjálfboðaliðum og huga að námskeiðahaldi og fræðslu í samræmi við það. Benti á að hafa þyrfti jafnvægi á kynningu á innanlandsstarfi og alþjóðastarfi. Vinnan í kringum stefnu 2020 hefur verið rædd á tveimur stjórnarfundum en aðkoma Rauða kross Íslands að mótun hennar hefur verið mun minni en á undanförunum árum og er ástæðan sparnaður.

Hádegisverður í boði Mýrdalshrepps

9. Lagabreytingar

1) Tillaga um breytingu á lögum Rauða kross Íslands

7. grein laga Rauða kross Íslands hljóði svo (breyting skáletruð og undirstrikuð):

Stjórn Rauða kross Íslands skal skipuð 11 mönnum og skal kjósa formann sérstaklega. Formaður og aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn þannig að helmingur er kosinn á hverjum aðalfundi. Að auki skulu kjörnir tveir varamenn til eins árs í senn og skal kjósa sérstaklega hvor er fyrsti varamaður og hvor annar. Boða skal varamenn á stjórnarfundum í forföllum stjórnarmanna. Stjórnarmenn skulu, eftir að þeir hafa verið kjörnir í fyrsta sinn, skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni í störfum sínum fyrir félagið hafa grundvallarmarkmið Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í heiðri og vinna samkvæmt samþykktri stefnu félagsins. Fastráðnir starfsmenn félagsins geta ekki setið í stjórn.

Enginn getur setið samfelld í stjórn Rauða kross Íslands lengur en fjögur kjörtímabil, þ.e. átta ár í röð. Seta sem varamaður allt að fjórum árum skerðir ekki rétt til setu í stjórn í framangreindan tíma. Þá er heimilt að stjórnarmaður sé kosinn til allt að tveggja kjörtímabila sem formaður umfram fyrrgreind fjögur kjörtímabil. Ef stjórnarmaður hættir störfum skal varamaður taka sæti hans fram að næsta aðalfundi.

Hafi fráfarandi stjórnarmaður verið á fyrra ári kjörtímabils skal á næsta aðalfundi kjósa stjórnarmann til eins árs í hans stað.

Stjórnin kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Eftirfarandi tóku til máls um tillöguna:

- Thorbjörn Friðriksson, Reykjavíkurseild, bar fram breytingartillögu (sjá tillöguna hér að neðan)
- Hildur Tryggvadóttir, Kópavogsdeild, fagnar tillögu um varamenn, en spyr hvort ekki væri rétt að hafa fleiri varamenn en tvo.
- Örn Guðmundsson, Hveragerðisdeild, sagði þann hátt á í Hveragerðisdeild að varamenn sætu stjórnarfundi. Það hefði gefið góða raun og því styður hann tillöguna
- Jóhannes Baldur Guðmundsson, Kjósarsýsludeild, styður tillögu um tvo varamenn og að varamenn verði boðaðir á alla stjórnarfundi.
- Guðfinna Guðmundsdóttir, Hafnarfjarðardeild, styður breytingartillöguna og sagði að bera þyrfti hana fyrst undir atkvæði.

Anna Stefánsdóttir tók til máls og lýsti þeirri skoðun að tveir varamenn væru fyllilega nóg. Stjórn sé sammála um að nægilegt sé að kalla varamenn til þegar nauðsynlegt sé að þeir sitji fundi.

Tillagan, með breytingum (feitlettrað og undirstrikað)

7. grein laga Rauða kross Íslands hljóði svo (breyting skáletruð og undirstrikuð):

Stjórn Rauða kross Íslands skal skipuð 11 mönnum og skal kjósa formann sérstaklega. Formaður og aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn þannig að helmingur er kosinn á hverjum aðalfundi. Að auki skulu kjörnir tveir varamenn til eins árs í senn og skal kjósa sérstaklega hvor er fyrsti varamaður og hvor annar. **Boða skal varamenn á stjórnarfundi eins og kjörna stjórnarmenn og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir sitji fundi í forföllum stjórnarmanna og skal þeim tilkynnt fyrirfram um slík forföll ef unnt er.** Stjórnarmenn skulu, eftir að þeir hafa verið kjörnir í fyrsta sinn, skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni í störfum sínum fyrir félagið hafa grundvallarmarkmið Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í heiðri og vinna samkvæmt samþykktri stefnu félagsins. Fastráðnir starfsmenn félagsins geta ekki setið í stjórn.

Enginn getur setið samfelld í stjórn Rauða kross Íslands lengur en fjögur kjörtímabil, þ.e. átta ár í röð. Seta sem varamaður allt að fjórum árum skerðir ekki rétt til setu í stjórn í framangreindan tíma. Þá er heimilt að stjórnarmaður sé kosinn til allt að tveggja kjörtímabila sem formaður umfram fyrrgreind fjögur kjörtímabil. Ef stjórnarmaður hættir störfum skal varamaður taka sæti hans fram að næsta aðalfundi. Hafi fráfarandi stjórnarmaður verið á fyrra ári kjörtímabils skal á næsta aðalfundi kjósa stjórnarmann til eins árs í hans stað.

Stjórnin kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Tillagan, með breytingartillögu, var borin upp og samþykkt með miklum meirihluta

2) Tillaga um breytingu á lögum Rauða kross Íslands

17. grein laga Rauða kross Íslands hljóði svo (breyting skáletruð og undirstrikuð):

Deildir skulu hafa með sér svæðisbundna samvinnu í því skyni að efla samvinnu deilda í almennu félagsstarfi og um einstök verkefni. Stjórn Rauða kross Íslands tekur ákvörðun um samstarfssvæðin og setur almennar reglur um svæðisbundna samvinnu.

Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands starfar á landsvísu að verkefnum sem varða ungt fólk og eru í samræmi við stefnu félagsins. Landsfundur hreyfingarinnar er haldinn árlega með þátttökurétti allra félaga 35 ára og yngri. Stjórn hennar er kjörin á landsfundi og er formaður kjörinn sérstaklega. Stjórn Rauða kross Íslands setur almennar reglur um starfsemi Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands.

Eftirfarandi tóku til máls um tillöguna:

- Hildur Tryggvadóttir Kópavogsdeild lýsti yfir stuðningi við tillöguna og sagði mikilsvert að starfsemi Rauða kross Íslands væri í samræmi við starf annarra félaga á alþjóðlegum vetvangi.
- Unnur Hjálmarsdóttir Reykjavíkurdeild lýsti yfir stuðningi við tillöguna og hvatti til að hún yrði samþykkt.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða

10. Kosning formanns samkvæmt 7. gr.

- ekki var kosning til formanns á þessum aðalfundi

11. Kosning 5 stjórnarmanna samkvæmt 7. gr.

Hrefna Magnúsdóttir, fulltrúi í kjörnefnd, flutti tillögu kjörnefndar.

Kjörnefnd leggur til að Einar Sigurðsson verði kosinn til tveggja ára. Jafnframt leggur kjörnefnd til að eftirfarandi aðilar verði kjörnir til setu í stjórn til tveggja ára:

Halldór U. Snjólauugsson, formaður Fáskrúðsfjarðardeildar

Jón Þorsteinn Sigurður, fyrrverandi formaður Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands

Sólveig Reynisdóttir, stjórnarmaður Akranesdeildar

Stefán Yngvason, formaður Reykjavíkurdeildar

Þessir voru kosnir aðalmenn til tveggja ára með lófataki

Í framhaldi af breytingu á 7. gr. laga félagsins

Kjörnefnd leggur til að eftirfarandi aðilar verði kjörnir til setu í stjórn félagsins sem varamenn til eins árs:

Pálín Dögg Helgadóttir, fyrsti varamaður

Gísli Pálsson, prófessor, annar varamaður

Varamenn voru kosnir til eins árs með lófataki

12. Kosning tveggja skoðunarmanna

Hrefna Magnúsdóttir, fulltrúi í kjörnefnd, flutti tillögu kjörnefndar.

Kjörnefnd leggur til að skoðunarmenn félagsins, þeir Jón Kr. Sólnes og Ólafur Reimar Gunnarsson, verði endurkjörnir skoðunarmenn til eins árs og var það samþykkt með lófaklappi.

Kaffihlé

13. Umræður um helstu stefnumál og markmið.

Áhrif loftslagsbreytinga og umhverfisstefna Rauða krossins.

Karen Erla Erlingsdóttir, stjórnarmaður og formaður starfshóps um umhverfismál og loftslagsbreytingar, skýrði tillögu stjórnar Rauða krossins að umhverfisstefnu félagsins.

Síðan var eftirfarandi tillaga að umhverfisstefnu Rauða kross Íslands lögð fram:

Starfsemi Rauða krossins verði þannig að hún valdi sem minnstri mengun og álagi á auðlindir og umhverfi. Skref í þá átt eru:

- Minnka úrgang með markvissari notkun upplýsingatækni, minni notkun á pappír og einnota vörum.
- Auka endurvinnslu með skilum á flokkuðum úrgangi og spilliefnum.
- Stunda umhverfisvæn innkaup á rekstrarvörum og við endurnýjun búnaðar.
- Minnka orkunotkun, huga að umhverfisvænum samgöngum og fundum og draga úr losun koltvísýrings (þar verði horft til bílafloata félagsins).

Umhverfisstarfið er eðlilegur hluti í starfi Rauða krossins. Með því að halda utan um umhverfisstarfið er hægt að sýna fram á í hverju það felst, fylgjast með þróun þess og gera það sýnilegra.

Rauði kross Íslands mun vekja athygli á neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á hin fátækari ríki og hvetja stjórnvöld til að virða alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfis- og loftlagsmálum.

Í starfi Rauða krossins og Rauða hálfmánans eru loftslags-, umhverfis- og mannúðarmál samtvinnuð. Rauða kross hreyfingin á að vera fyrirmynd í umhverfissvænni hugsun, háttum og starfi, sem aftur leiðir af sér aukin lífsgæði fyrir þá sem höllum fæti standa.

Rauði kross Íslands mun beita sér fyrir því að alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans móti umhverfisstefnu sem væri hugsuð sem grunnur fyrir landsfélögin.

Fyrir utan ávinning náttúrunnar sjálfrar og umhverfisins, fylgir umhverfisstarfinu m.a. beinn rekstrarsparnaður. Þess utan sýnir Rauði krossinn með góðu orðspori í umhverfismálum samfélagslega ábyrgð og eflir með því enn meir ímynd félagsins.

Mikilvægur þáttur í virkri umhverfisstefnu er þátttaka allra. Til að svo megi verða mun Rauði krossinn leggja sig fram um að efla umhverfisvitund innan félagsins og áhuga á mikilvægi umhverfismála með reglulegri fræðslu og þjálfun.

Árangursmat:

Greinargerð um stöðu umhverfismála verði hluti af ársskýrslu félagsins í heild og einstakra eininga innan þess.

Sett verði raunhæf markmið um að minnka losun CO₂ vegna bílaflota félagsins. Reikna þarf út og gera yfirlit yfir eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs í dag og byggja áætlunina á því.

Eftirfarandi tóku til máls um tillöguna:

Birgir Freyr Birgisson, Reykjavíkurdeild, sem leggur til eftirfarandi breytingu (skáletrað) á tillögunni *að settur verðu punktur eftir fátækari ríki í 4. málsgrein og rest málsgreinar falli niður*.

Aðrir sem til máls tóku um tillöguna voru eftirfarandi:

Sveinn Kristinsson, Akranesdeild, sagðist ánægður með stefnuna og lýsti yfir stuðningi við hana.

Guðfinna Guðmundsdóttir, Hafnarfjarðardeild, þakkaði þá miklu og góðu vinnu sem lögð hefði verði í umhverfisstefnuna og lýsti yfir stuðningi sínum við hana. Þá lagði hún til að fundin yrði leið til að boða til aðalfundar með rafrænum hætti í framtíðinni. Einnig lagði hún til að ráðinn yrði umhverfisfulltrúi á landsskrifstofu Rauða krossins.

- Hildur Tryggvadóttir, Kópavogsdeild, hefði viljað vita hverjir sátu í umhverfishópnum og hvert var hlutverk hans. Sagði vanta í umhverfisstefnuna hvað eigi að gera og hvernig eigi að gera það. Kallar eftir því hvað nefndin hafi átt að gera.

- Margrét Aðalsteinsdóttir, Héraðs- og Borgarfjarðardeild, bendir á að í lögum félagsins segi að boða eigi til aðalfundar með bréfi.

- Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir, Kópavogsdeild, finnst tillagan ekki nægilega vel unnin og vanta árangursmat fyrir innri og ytri þætti.

- Eyrún Valsdóttir, Garðabæjardeild, finnst vanta mælanleg og tímamæld markmið, t.d. að ferðir á aðalfund væru farnar með rútu.

- Unnur Hjálmarsdóttir, Reykjavíkurdeild, finnst tillögur ekki nægilega vel unnar og setur spurningu varðandi sjúkrabíla.

- Hrund Snorraddóttir, Vopnafjarðardeild, bendir á að í skjalinu standi “skref í þá átt” og Rauði krossinn muni halda áfram að vinna með þessa stefnu.

- Katrín Matthíasdóttir, Garðabæjardeild, sagði verklagsreglur vera á vefnum um hvernig útfæra eigi umhverfisstefnu Rauða krossins. Sagðist andvíg breytingartillögunni og lagði til að upphaflega tillagan yrði samþykkt óbreytt.

Jóhannes Baldur Guðmundsson, Kjósarsýsludeild, tók undir orð Hrunnar Snorraddóttur.

- Birgir Freyr Birgisson, Reykjavíkurdéild, bendir á að gera megi einn sjúkrabíl umhverfisvænan.
- Guðfinna Guðmundsdóttir, Hafnarfjarðardeild, bendir á að tillagan sé flott plagg.

Kristján Sturluson tók til máls. Hann lagði áherslu á að þetta væri einungis skref í umhverfismálum. Hér væri um að ræða viðkvæman málaflokk og ræða þyrfti og ígrunda vel framkvæmd og stefnumótun. Sagðist ekki sjá fyrir sér að sjúkrabílar ættu eftir að verða Tvin-bílar og sagði umhverfisvæna bíla ekki mega koma niður á öryggi sjúkrabíllanna. Mikilvægt væri að horfa á að þetta sé umhverfisstefna fyrir félagið allt, og ef allir félagar vinni með það í huga þá yrði mikill ávinningur.

Gert hlé á umræðum til að hlusta á fyrirlestur Madeleen Helmer, forstöðumanns loftslagamiðstöðvar Rauða krossins, en hún flutti erindi í gegnum GSM síma í anda umhverfisstefnu. Með erindi hennar voru sýndar glærur á skjá, en þær má nálgast á íslensku á heimasíðu Rauða krossins, www.redcross.is.

Eftir fyrirlestur Madeleen Helmer, tók Anna Stefánsdóttir tók til máls og svaraði fyrirspurn um tilurð nefndarinnar sem var komið á fót í kjölfar samþykktar á aðalfundi 2008. Tók hún undir orð Katrínar Matthíasdóttur og hvatti félagsmenn til að kynna sér nánari skilgreiningar á umhverfisstefnu Rauða krossins á heimasíðu félagsins. Sagði hún jafnframt að stefnt væri að því að undirbúa ráðstefnu um umhverfismál á haustdögum.

Breytingartillagan var svo borin undir atkvæði og felld með 49 atkvæðum á móti en 44 með.

Upphaflega tillagan síðan borin upp og samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Kaffihlé

Málstofur um verkefni deilda tengd efnahagskreppunni

Kl.	Stofa	Deild	Efni
16:00 - 16:30	1	Fjarðarbyggðardeildir og Héraðs- og Borgarfjarðardeild	Svona gerum við fyrir austan
16:00 - 16:30	2	URKÍ-R	Vinanet
16:00 - 16:30	3	Víkurdeild	Rýmingaráætlun vegna Kötlugoss
16:00 - 16:30	4	Hveragerðisdeild	Drift
16:00 - 16:30	5	Kópavogsdeild	Nýttu tímann

16:30 – 17:00	1	Landsskrifstofa	Rauðakrosshúsið
16:30 – 17:00	2	URKÍ-R	Mannúð og menning
16:30 – 17:00	3	Akranesdeild	Innflytjendur á Akranesi og efnahagsástandið
16:30 – 17:00	4	Akureyrar- og Húsavíkurdéild	Samvinna og sálrænn stuðningur
16:30 – 17:00	5	URKÍ	Unga fólkið í kreppu

14. Önnur mál

Eftirfarandi tóku til máls:

- Hildur Tryggvadóttir, Kópavogsdeild, ræddi upplýsingaflæði frá Landsskrifstofu, skipulag kosninga á aðalfundi, gerði athugasemdir við fyrirkomulag málstofa og að aðalfundur Rauða krossins og stór fundur Landsbjargar væru haldnir á sama tíma.

- Guðfinna Guðmundsdóttir, Hafnarfjarðardeild, kom með athugasemdir frá deildinni varðandi Göngum til góðs, spurði hvort stjórn hefði skoðað aðrar söfnunarleiðir og hvað fundargestum myndist um þessar athugasemdir deildarinnar.

- Pálína Björk Matthíasdóttir, kynnti nýja stjórn, stefnu og áherslur URKÍ og benti á að efla þyrfti þátt ungs fólks. Sagði hún margar deildir hafa tekið vel í áskoranir URKÍ um að fjölga ungu fólki í stjórnnum. Pálína veitti síðan Garðabæjardeild og Héraðs- og Borgarfjarðardeild hvatningarverðlaun URKÍ.
- Unnur Hjálmarsdóttir, Reykjavíkurdeild, ræddi stjórnarkjör og kjörnefnd, vildi að kosið yrði á aðalfundi milli þeirra sem gefa kost á sér og hvatti stjórn til að setja sér reglur um kjörnefnd
- Jón G. Knutsen, Akureyrardeild, kynnti “hjörtu” sem dreift var á borð fundarmanna og sagði jafnframt frá skyndihjálparhópi deildarinnar
- Jóhannes B. Guðmundsson, Kjósarsýsludeild, benti á að helmingur stjórnarmanna Kjósarsýsludeildar væri ungt fólk, þar með talið hann sjálfur.
- Sigrún Hjörleifsdóttir, Kópavogsdeild, þakkaði góðan fund og lagði til að fundarmenn endurtækju gjörning Víkurdeildar frá fundinum á Akureyri og stæðu upp, klöppuðu næsta manni á vinstri öxlina og þokkuðu fyrir vel unnin störf. Fundarmenn stóðu upp og brugðust við eins og lagt var til.
- Anh-Dao Tran, Reykjavíkurdeild, sagði frá því að Rauði krossinn hefði hlotið mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar fyrr um daginn.

Fundarslit:

Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands, þakkaði góða fundarsetu og fundarstjórn. Þakkaði síðan fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Garðari H. Guðjónssyni, Karen Erlu Erlingsdóttur, Þór Gíslasyni og Pálín Dögg Helgadóttur, fyrir góð störf og færði þeim blóm og gjafir. Anna bar að lokum fram þakkir til Víkurdeildar fyrir samstarfið og bað fyrir góðar kveðjur til sveitarstjórnar. Formaður bauð einnig nýtt stjórnarfolk velkomið og kveðst hlakka til að vinna með því.

Fundi slitið kl. 17:53

Kvöldverður og skemmtun Hótel Höfðabrekku hófst kl.19:30